

Sþ.

402. Þingsályktun

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við Fiskifélag Íslands, að láta fara fram rannsókn á afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnaði sjávarafurða. Að þeirri rannsókn lokinni verði lagt fram rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra svari kostnaði og veitti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu, eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur sé rannsakað, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hver áhrif lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa á afkomu þeirra, er sjávarútveg stunda.